

Akranesi 11 okt 2016

Ég vil byrja á að þakka Akraneskaupstað fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar Akraness fyrir stuðningin á liðnum árum.

Fyrir síðustu jól sóttu 122 fjölskyldur um aðstoð hjá okkur, það er um það bil 15 færri frá árinu á undan sem er jákvætt, en aftur á móti fundum við fyrir meiri neyð hjá mörgum af þeim sem sóttu um, það var meira beðið um gjafir, við vorum með kassa við jóltréð í Bónus húsinu og voru bæjarbúar mjög gjafmildir en engu að síður þurftum við að kaupa töluvert af gjöfum.

Við úthlutuðum gjafakortum og einnig gosi og þurrvörum sem fyrirtæki gáfu okkur.

Fjáröflunin fyrir jólin gekk vel og gátum við úthlutað um páskana líka (66 fjölskyldur)

Mæðrastyrksnefnd fékk herbergi á leigu hjá Rauða krossinum síðasta vor og er gott að hafa fastan samanstað fyrir bókhald og önnur gögn.

Að venju var gerður ársreikningur af viðurkenndum bókara.

Við erum byrjaðar að safna fyrir jólaúthlutun 2016 og verður úthlutað um miðjan desember, það er einlæg ósk okkar að Akraneskaupstaður sjái sér fært um að styrkja okkur fyrir þessa úthlutun því það er vissulega mikill þörf.

Með vinsemd og virðingu

F.h Mæðrastyrksnefndar Akraness

María Ólafsdóttir formaður

maedrastykurakranes@gmail.com

gsm 898-1231